

BORGARRÁÐ 14. mars 2019: Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort börn hafi þurft að hætta á frístundaheimili vegna fjárhagsvanda - R18110255

Hversu mörg börn hafa hætt á frístundaheimili vegna þess að foreldri hefur ekkert aðhafst vegna vangreiddrar vistunarskuldar sinnar við borgina? Í svari við fyrirspurn sem Flokkur fólksins hefur áður lagt fram um þetta kom fram að það eru þrjár leiðir í boði til að afturkalla uppsögn á vistun í frístundaheimili í þeim tilfellum sem foreldrar/forráðamenn hafa ekki greitt skuld sína. Einnig kom fram í svari að ef skuldari aðhefst ekkert þá mun barn þurfa að hætta í frístundastarfi. Af þessu hefur borgarfulltrúi Flokks fólksins miklar áhyggjur og óskar því eftir því að fá upplýsingar um hversu mörg börn hafa hætt á frístundaheimili vegna skuldar sem ekki hefur verið greidd eða samið um. Gott væri að fá þessar upplýsingar sem nær til síðustu 3ja ára.